

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur samþykkt eftirfarandi deiliskipulagstillögur:

*a. Frístundabyggð í landi Þverár I.*

Á svæði, sem er 3,6 ha, er leyfð bygging 7 frístundahúsa. Húsin skulu vera á einni hæð með bröttu risi. Fjarlægð milli húsa verður ekki undir 27 m. Skipulag þetta var upphaflega samþykkt af sveitarstjórn 13. júlí 2004 og aftur 29. mars 2005.

*b. Breyting á deiliskipulagi frístundalóðar nr. 10 í Leifsstaðabrúnum.*

Breytingin var auglýst sem óveruleg sbr. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Breytingin felst í því að leyfð er bygging 60 m<sup>2</sup> frístundahúss á lóðinni, en hús, sem fyrir er, verði geymsla eða gestahús.

Tillagan var samþykkt í sveitarstjórn 7. júní 2005.

*c. Breyting á deiliskipulagi Djúpadalsvirkjunar 1 og 2, vegna Djúpadalsvirkjunar 2.*

Tillagan var auglýst sem óveruleg sbr. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og samþykkt í sveitarstjórn 16. ágúst 2005.

Breytingin felst í að stíflumannvirki eru færð 160 m til suðurs og lengist fallpípa sem því nemur. Við það minnkar uppistöðulónið um 2 ha við yfirfallshæð og 3 ha við hæsta vatnsborð. Gert er ráð fyrir nýju efnistökusvæði og efnistakan áætluð 10 þús. m<sup>3</sup> á 4000 m<sup>2</sup> svæði.

*Eyjafjarðarsveit, 25. nóvember 2005.*

**Bjarni Kristjánsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 5. desember 2005